

Dagskrá og tillögur

fyrir aðalfund Hampiðjunnar er haldinn verður 18. mars 2016, kl. 16:00

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina árið 2015.
2. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar ársins 2015.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin hlutum.
7. Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

TILLÖGUR

Um greiðslu arðs:

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015 verði greiddar 0,84 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 410 milljónir ISK. Arðurinn verði greiddur í viku 19. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 18. mars 2016, þ.e. viðskipti sem fara fram á þeim degi koma fram í hlutaskrá félagsins á arðsréttindadeginum 22. mars. Arðleysisdagurinn er 21. mars.

Um þóknun til stjórnarmanna:

Þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið ár verði kr. 1.450.000, formaður fái þrefaldan hlut.

Um endurskoðunarfélag:

PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið til næsta árs.

Um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum:

Aðalfundur Hampiðjunnar hf. haldinn 18. mars 2016 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkist við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en kaupsamningur er gerður.